

Til (ríkisskattstjóri)

Uppgjörstímabil

Mánuður

Ár

Kaupandi þjónustu

Nafn	Kennitala	Lögheimilissveitarfélag
Heimili	Póststöð	Pósthólfsnúmer og póstnúmer

Seljandi þjónustu

Nafn	
Heimili	Póststöð
Land	

Keypt þjónusta

1 Dagsetning viðskipta	2 Tegund þjónustu (sjá liðinn keypt þjónusta á bakhlið)	3 Skattverð þ.e. heildarendurgjald eða heildarandvirði hins keypta án VSK.	VSK 24% sem leggst á fjárhæð í reit 3
Samtals			
Álag (sjá skýringar)			
Samtals til greiðslu			

Til skattverðs telst innkaupsverð ásamt áföllnum kostnaði, sbr. 7. gr. laga nr. 50/1988 (sjá bakhlið).

Tilfni kaupa

Til nota í starfsemi er fellur utan skattskyldusviðs virðisaukaskatts	Til einkanota eða annarra nota utan atvinnurekstrar
Til nota í stjórnýslu hins opinbera	Annað, hvað?

Undirskrift

Undirritaður staðfestir að skýrsla þessi er gefin eftir bestu vitund og hún er í samræmi við fyrirleggjandi gögn

Dagsetning

Undirskrift

Gjaldtagi er 5. dagur annars mánaðar frá lokum þess almenna uppgjörstímabils sem viðskiptin falla undir.

Skýrslan á að berast innheimtumanni ríkissjóðs ásamt greiðslu.

1. afrit, eintak innheimtumanns

Skýringar

Uppgjörstímabil

Hvert uppgjörstímabil spannar tvo mánuði; janúar og febrúar, mars og apríl o.s.frv. Greiðslu ásamt skýrslu skal skila til innheimtumanns ríkissjóðs eigi síðar en á gjalddaga, sem er fimmti dagur annars mánaðar frá lokum viðkomandi uppgjörstímabils. (Dæmi: gjalddagi fyrir janúar og febrúar tímabilið er 5. apríl).

Kaupandi/seljandi þjónustu

Samkvæmt 35. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, skal hver sá sem kaupir frá útlöndum þjónustu, af þeim toga sem að neðan greinir (undir liðnum **keypt þjónusta**), til nota að hluta eða að öllu leyti hér á landi, greiða virðisaukaskatt af andvirði hennar. Sama gildir um kaup á þjónustu af erlendum aðila enda þótt hún sé innt af hendi hér á landi ef hinn erlendur aðili er ekki skráður á grunnskrá virðisaukaskatts vegna þess að hann hvorki hefur hér á landi fasta starfsstöð né sérstakan umboðsmann til að annast fyrir sig virðisaukaskattsskil.

Undanþegnir greiðsluskyldunni eru þeir sem skráðir eru á grunnskrá virðisaukaskatts og gætu talið til innskatts virðisaukaskatt vegna kaupanna væri þjónustan keypt hér á landi.

Sá er greiðsluskylda hvílir á skal ótilkvaddur gera grein fyrir kaupum á þjónustu á skýrsluformi þessu (RSK 10.24).

Sé þjónusta veitt eða hennar notið í tengslum við innflutning á vöru skal innflytjandi við tollmeðferð greiða í einu lagi virðisaukaskatt vegna vörunnar og þjónustunnar og gera grein fyrir kaupunum á aðflutningskýrslu er tollayfirvöld láta í té.

Keypt þjónusta

Greiðsluskyldan tekur til eftirtalinnar þjónustu:

- Virðisaukaskattsskyldrar þjónustu, sem veitt er í tengslum við menningarstarfsemi, listastarfsemi, íþróttastarfsemi, kennslustarfsemi og aðra hliðstæða starfsemi sem fer fram hér á landi.
- Framsals á höfundarrétti, rétti til einkaleyfis, vörumerkis og hönnunar, svo og framsals annarra sambærilegra réttinda.
- Auglýsingaþjónustu.
- Ráðgjafarþjónustu, verkfræðiþjónustu, lögfræðiþjónustu, þjónustu endurskoðenda og annarrar sambærilegrar þjónustu, þ.m.t. vinnu við eða þjónustu sem varðar lausafjármuni eða fasteignir hér á landi.
- Tölvuþjónustu, annarrar gagnavinnslu og upplýsingamiðlunar.
- Kvaða og skyldna varðandi atvinnu- eða framleiðslustarfsemi eða hagnýtingu réttinda sem tiltekin eru í upptalningu þessari.

- Atvinnumiðlunar.
- Leigu lausafjármuna annarra en flutningatækja.
- Þjónustu milligöngumanna sem fram koma í nafni annars og fyrir reikning annars að því er varðar sölu eða afhendingu þjónustu sem upptalning þessi nær til.
- Fjarskiptaþjónustu.

Álag

Komi í ljós að sá sem greiðsluskylda hvílir á hefur ekki greitt skattinn á tilskyldum tíma skal hann auk hins vangoldna skatts greiða álag sem nemur 1% af vangoldnum skatti fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó að hámarki 10%.

Skattverð

7. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt

Skattverð er það verð sem virðisaukaskattur er reiknaður af við sölu á vörum og verðmætum, skattskyldri vinnu og þjónustu. Skattverð miðast við heildarendurgjald eða heildarandvirði hins selda án virðisaukaskatts.

Til skattverðs telst m.a.:

- Skattar og gjöld samkvæmt öðrum lögum sem á hafa verið lögð á fyrri viðskiptastigum eða greidd hafa verið við innflutning til landsins eða virðisaukaskattsskyldur aðili á að standa skil á vegna sölu.
- Umbúðakostnaður, sendingarkostnaður, váttryggingar og slíkur kostnaður sem er innifalinn í verði eða seljandi krefur kaupanda sérstaklega um.
- Tengingar- og stofngjöld og aðrar fjárhæðir sem seljandi krefur kaupanda um sem skilyrði fyrir afhendingu skattskyldrar vöru og þjónustu.
- Umboðs- og sölulaun og uppboðsþóknun.
- Afslættir sem háðir eru skilyrðum sem ekki eru uppfyllt við afhendingu (reikningsútgáfu). Hins vegar skal óskilyrtur afsláttur, sem veittur er við afhendingu á hinni seldu vöru, vinnu eða þjónustu, dreginn frá söluverði við ákvörðun á skattverði. Afsláttur sem þeir aðilar, er skrá sölu í sjóðvél, veita gegn greiðslu með kreditkorti og tekjufærður er að fullu við afhendingu en dregst frá söluverði við uppgjör greiðslukortafyrirtækis telst ekki háður skilyrðum sem greinir í 1. málspl. Þessa töluliðar. Gefi seljandi út reikning samhliða skráningu í sjóðvél skal fjárhæð afsláttar tilgreind á honum.
- Verðbætur sem falla til fram að afhendingu vöru eða þjónustu. Hins vegar teljast vextir og verðbætur, sem hvort tveggja er reiknað við sölu með afborgunarskilmálum, ekki með í skattverði enda sé sérstaklega tilgreint í kaupsamningi hver vaxta- og verðbótageiðsla sé hverju sinni.
- Þjónustugjald sem ekki er innifalið í vöruverði.